

Eiríkur Rögnvaldsson

Daglegt mál

Þættir fluttir í Ríkisútlarpinu sumarið 1984

Góðir hlustendur!

Þessi þáttur er einn af elstu föstum liðum í útlarpdagskránni, og óhætt að segja að allrík hefð hafi skapast um efni hans og stefnumörkun stjórnenda. Þættirnir hafa að miklu leyti farið í að svara bréfum hlustenda, en efni þeirra flestra er annaðhvort spurningar um hvað sé rétt mál og hvað rangt, eða þá ábendingar og athugasemdir um vont málfar, oftast þá í fjölmiðlum.

Stjórnendurnir hafa - með örfáum undantekningum að vísu - fylgt hefðbundinni málvöndunar- og málhreinsunarstefnu, misjafnlega ákveðinni; dæmt sumt rétt, en annað rangt, og tekið undir aðfinnslur hlustenda eða dregið úr þeim eftir atvikum. Flestir stjórnendur hafa líka notað hluta þáttanna til að flytja hugleiðingar frá eigin brjósti um einhverja þætti íslensks máls og málnotkunar, og þá oft út frá einhverju sem þeir hafa heyrt eða lesið og hefur vakið þá til umhugsunar um viðkomandi atriði.

Mér þykir eðlilegt að sérhver sá sem tekur að sér umsjón þessa þáttar geri í upphafi nokkra grein fyrir þeirri stefnu sem hann hyggst fylgja; bæði í efnisvali og efnistöfum. Mér er engin launung á því, og tel mér skylt að segja hlustendum það strax í upphafi, að ég er ekki að öllu leyti samþykkur þeirri málvöndunarstefnu sem löngum hefur verið fylgt í þessum þáttum, því að mér finnst hún iðulega of ósveigjanleg, og stjórnendurnir hafa verið of djarfir við að dæma ýmis afbrigði málsins röng. Ég mun síðar reyna að útskýra betur hvað ég á við. En þar með er ekki sagt að ég sé andvígur því að menn vandi mál sitt - öðru nær. Ég tel ákaflega mikilvægt fyrir Íslendinga að rækta mál sitt; en ég er ekki sannfærður um að það verði best gert með boðum og bönnum, og held að aukin fræðsla um málið og þekking á málinu séu heilladrýgri.

En mikilvægast er þó að nota málið. Hreint mál sem enginn kann að nota er minna virði fyrir litla þjóð en mál sem er almenningsseign, þótt í því kunni að finnast eitthvað sem kalla mætti ambögur, beygingarvillur og erlendar slettur. Það er oft notað sem rök fyrir baráttu gegn málbreytingum að ef málið breytist að mun, slitni tengsl okkar við fornar bókmenntir og menningu þjóðarinnar, og slíkt væri óbætanlegur missir. Ekki skal ég mótmæla þessu, en vil hins vegar minna á að ekki er síður mikilvægt að málið haldi tengslum sínum við þjóðfélag samtímans, því að það er nú einu sinni það sem við lifum í.

Það er haft eftir Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara að það hafi verið mesta gleði hans í lífinu að rekast hvergi á Þjóðsögur sínar öðruvísi en rifnar og skítugar; því að það sýndi hve mikið sögunar höfðu verið lesnar. Nú er auðvitað sá munur á íslenskri tungu og þjóðsögunum að af þeim síðarnefndu er hægt að kaupa nýtt eintak, þegar það gamla er dottið í blöð; það er hins vegar hæpið að hægt sé að snúa málþróuninni við í veigamiklum atriðum. Ef við erum þeirrar skoðunar að íslensk tunga hafi einhvern tíma gnæft á tindi fullkomnunarinnar, og allar breytingar á henni frá því stigi séu hnignun, þá má segja að hún sé okkur að eilífu glötuð þegar hún er orðin eins og óhrein og slitin bók sem enginn vill púkka upp á, heldur kaupir nýja. Við skulum samt reyna að líta ástandið bjartari augum, og velta því fyrir okkur hvort þeir svörtu blettir sem við þykjumst sjá á tungunni séu ekki einmitt ánægjulegur vottur þess að við eigum okkur ennþá lifandi mál. Íslensk tunga er okkur vissulega mikilvæg, og eitt það mikilvægasta sem við eigum; en samt sem áður er það málið sem á að þjóna okkur, en við ekki því. Og til þess að málið geti rækt það hlutverk sitt sem best, verðum við auðvitað að sinna því vel, hlúa að því og rækta það.

Ég sagði áðan að ég teldi aukna fræðslu og þekkingu vænlegri leið en boð og bönn, ef við viljum vanda mál okkar. Hlustendur skulu því ekki búast við að ég kveði upp ákveðna úrskurði um hvað sé rétt íslenska og röng, góð eða vond, hrein eða spillt. Í umræðu um málfarsleg atriði og í svörum mínum við spurningum hlustenda mun ég því leitast við að líta á málin frá ýmsum hliðum, og benda á sitthvað sem menn geta notað til viðmiðunar ef þeir vilja taka eitt fram yfir annað. Og nú kynni einhver að spyrja: Hverjar eru þessar ýmsu hliðar sem maðurinn er að tala um? Er ekki jafn auðvelt að dæma eitt rétt og annað rangt í málfræði og t.d. í stærðfræði?

Nei, því er ekki að heilsa - því miður, segja kannski sumir. Vandamálin eru fleiri en margar hyggur. Í næstu þáttum mun ég ræða dálítið um þau vandamál sem maður rekst á þegar skera á úr því hvað sé rétt og rangt; hver séu tæk viðmið í málvöndunarstarfi.

Óhætt er að segja að menn beiti einkum tvenns konar rökum þegar dæmt er um hvað sé rétt mál og hvað rangt. Annars vegar athuga menn hvað ráða má af elstu dæmum um íslenskt mál, og hins vegar hvað er almennt mál nú á tímum. Það er á hinn bóginn misjafnt hvort menn láta vega þyngra. Ýmsar breytingar frá fornu máli eru vissulega viðurkenndar, en aðrar eru taldar "rangt mál". Og ekki er alltaf auðvelt að gera sér grein fyrir því hvað ræður; hvað er viðurkennt og hverju hafnað.

Við skulum nú hugsa okkur að við kæmum okkur saman um það að telja það réttast sem væri elst, og miða þá við elstu varðveitta texta á íslensku, en hirða ekki um forsögu málsins. Við skulum samt gera okkur grein fyrir að það eru ekki nein málfræðileg rök fyrir því að velja 12. eða 13. aldar íslensku sem viðmið, frekar en eitthvert eldra eða yngra málstig. Málið hefur alltaf verið að breytast, að vísu misjafnlega hratt; en það var engin sérstök kyrrstaða í því um 1200, raunar síður en svo, því að á þessum tíma voru miklar breytingar á sérhljóðakerfinu að ganga yfir. Það eru því ytri aðstæður sem valda því að mál þessa tíma er notað sem viðmið; sem sé þær að á því eru fornbókmenntir okkar skrifaðar, a.m.k. þær sem merkastar þykja. Þótt eddukvæðin séu að vísu eldri, eru elstu handrit þeirra frá þessum tíma og bera þess merki málfarslega.

En þótt þarna verði málfarslegum rökum ekki við komið, er eðlilegt að velja það mál sem er á elstu varðveittum textum sem einhvers konar viðmið. En gallinn er sá að það er alls ekki eins auðvelt og halda mætti í fljótu bragði að dæma mál rétt og rangt eftir þessu viðmiði. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er þekking okkar á fornmálinu ekki ótakmörkuð. Þótt við eigum mikið af rituðum textum frá 13. öld miðað við ýmsar aðrar þjóðir, þá eru þeir tiltölulega einhæfir; mestanpart frásagnarbókmenntir af ýmsu tagi, en einnig nokkuð af lagatextum og skjölum. Þótt eitthvert orð, einhver beygingarmynd eða einhver setningagerð komi ekki fyrir í varðveittum textum, getum við ekki fullyrt að viðkomandi orð, beygingarmynd eða setningagerð hafi ekki tíðkast í forníslensku. Það gæti sem best verið tilviljun að það hefði ekki komist á bækur; nú eða þær bækur sem það komst á hafi allar glatast.

Eitt af því sem gerir erfitt að miða eingöngu við fornmálið er það að við vitum sáralítið um fornt talmál. Í nútímaíslensku er munur talmáls og ritmáls töluverður, og líklega meiri en við gerum okkur grein fyrir í fljótu bragði. Það má telja víst að einhver munur hafi einnig verið á talmáli og ritmáli til forna. En hvort hann var meiri eða minni en nú, og í hverju hann var fólgin, getum við lítið sagt um. Og það er í mörgum tilvikum hæpið að leiðrétta nútíma talmál eftir fornu ritmáli, ekki síst þar sem þeir nútímatextar sem hvað stíl varðar eru helst sambærilegir við varðveitta texta á forníslensku, þ.e.a.s. ýmiss konar sagnabættir og opinber skjöl, virðast í ýmsum atriðum standa fjær talmáli en aðrir ritaðir textar.

Í öðru lagi er því síður en svo að heilsa að hinir fornu textar birti eitthvert einlitt og dauðhreinsað mál; þar er að finna alls konar ósamræmi og ýmislegt sem nú yrði eflaust kallað "málvillur". Tökum dæmi af hinni alþekktu "þágufallssýki", sem mikið hefur verið barist gegn á undanförunum árum. Það er sagt rangt að segja mér langar, mér vantar o.s.frv., og rökstutt með því að eldra sé - og þar af leiðandi réttara - að segja mig langar, mig vantar. Þetta er auðvitað rétt svo langt sem það nær. En lítum nú á eitt elsta varðveitta íslenska handritið, Hómilíubókina sem nú er varðveitt í Stokkhólmi og kennd við þá borg. Um þessa bók hefur Jón Helgason prófessor

sagt: "óvíða flóa lindir íslenzks máls tærari en þar, og er sá íslenzkur rithöfundur sem ekki hefur þaullesið hana, litlu betur undir starf sitt búinn en sá prestur sem enn á ólesna fjallræðuna." Nú vill svo til að í þessari bók stendur iðulega hvorki mig langar né okkur langar, heldur ég langa, við löngum; sögnin er sem sé höfð persónuleg, og tekur frumlag í nefnifalli. Ef við miðum eingöngu við hvað sé elst í íslensku, mætti því halda því fram að mig langar sé engu réttara en mér langar, því að ég langa sé notað í þessu forna handriti. Engan hef ég samt heyrt halda því fram, enda væri það út í hött; því að hvorttveggja er að í öðrum handritum fornum er sögnin oftast ópersónuleg, og hún hefur oftast verið höfð með þolfalli á síðari öldum. En þetta dæmi sýnir okkur að ekki er umsvifalaust hægt að miða eingöngu við það elsta.

Í síðasta þætti byrjaði ég að tala um ýmis vandkvæði sem eru á því að nota elstu íslenska texta sem viðmið ef skera á úr um hvað sé rétt og rangt í nútímamáli. Nú ætla ég að ræða aðeins um þær hugmyndir sem við höfum um forníslensku -hverjar þær eru og hvaðan þær eru komnar.

Því er oft haldið fram að íslenska hafi breyst mjög lítið frá tíma elstu varðveittra texta til dagsins í dag. Þegar við lesum útgáfur íslenskra fornbókmennta verður ekki betur séð en þessi skoðun eigi við rök að styðjast; auðvitað er alltaf eitthvað um orð sem við skiljum ekki, en í grundvallaratriðum má samt segja að við getum lesið venjulega forna sögutexta. Þegar komið er út í lagamál og þvíúmlíkt getur róðurinn að vísu farið að þyngjast.

En hér er tvennt sem blekkir, og lætur okkur halda að munurinn sé minni en hann raunverulega er. Annað er það að hljóðkerfi málsins hefur breyst mjög verulega. Bæði tákna einstakir stafir nú í mörgum tilvikum annað hljóðgildi en að fornu; þá táknaði á t.d. langt a, é táknaði langt e o.s.frv.; og eins hefur hljóðgildi ákveðinna tákna breyst í ákveðnum samböndum. Þannig táknar stafurinn f nú sama hljóð og b, ef hann stendur á undan l og n, í orðum eins og hefla, og nafn; en að fornu táknaði hann sama hljóð og v, eins og hann gerir enn á undan r, ð og sérhljóðum, í orðum eins og hafrar, lifði og hafa. Þessar breytingar á hljóðkerfinu eru í fæstum tilvikum sýndar í stafsetningunni, og þess vegna gerum við okkur ekki grein fyrir þeim þegar við lesum útgáfur fornra texta; en þær myndu þó nægja til þess, að við gætum tæplega eða ekki skilið forníslensku ef við heyrðum hana talaða, né heldur myndu formenn skilja okkur.

Annað atriði sem skiptir ekki minna máli er það að hugmyndir flestra um forníslensku eru ekki komnar úr stafréttum útgáfum fornrita, heldur úr útgáfum sem ýmist nota svonefnda samræmda stafsetningu forna, eins og t.d. útgáfa Hins íslenska fornritafélags; nútímastafsetningu, eins og útgáfa Skuggsjár sem Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason sáu um; eða eitthvað þar á milli, eins og útgáfa Guðna Jónssonar fyrir Íslendingasagnaútgáfuna. Og þessar útgáfur eru frábrugðnar handritunum sjálfum í veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi þekktu formenn ekkert sem kallast má samræmd stafsetning í nútímaskilningi; þótt tilraunir væru gerðar til að koma einhverju slíku á, tókst það ekki nema að nokkru leyti. Í öðru lagi - og það er mikilvægara - leiðréttá útgefendur iðulega málfar handritanna. Í formála útgáfu Fornritafélagsins á Egils sögu Skallagrímssonar segir útgefandi t.d. að fyrir utan það að samræma stafsetningu hafi hann leiðrétt "bersýnilegar pennavillur og smáúrfellingar nauðsynlegra orða". Í nýrri kándídatsritgerð sinni um forníslenska setningafræði hefur Halldór Ármann Sigurðsson bent á að þarna er leiðrétt eftir reglum nútímamáls, en ekki reglum formáls; það verður sem sagt ekki betur séð en það hafi verið fullkomlega eðlilegt í fornu máli - a.m.k. ritmáli, en um talmálið vitum við auðvitað ekki - að sleppa t.d. persónufornöfnum eins og ég og þú, hann og hún, víða þar sem okkur finnst þau nauðsynleg. Í slíkum tilvikum skjóta útgefendur fornöfnunum oft inn, þótt þau séu ekki í handriti. En vegna þess að í fornum textum úir og grúir af slíkum setningum, virðist hæpið að álykta að alltaf sé um að ræða pennaglöp eða brot á reglu; líklegra er að reglur formáls hafi einfaldlega verið aðrar en reglur nútímamáls að þessu leyti. Ef svo er, verða þessar breytingar útgefenda auðvitað til þess að hinn raunverulegi munur formáls og nútímamáls minnkar í augum okkar.

Þar við bætist að hinar "bersýnilegu pennavillur" sem áður voru nefndar felast oft í því sem nú væri kallað málvillur, eins og ég drap á í síðasta þætti; t.d. rangri fallbeygingu. Í Reykjabók,

einu helsta og elsta handrit sögunnar, frá því um 1300 eða litlu síðar, er að finna orðmyndina föðurs, með s í endann; en í útgáfum er þessu yfirleitt breytt athugasemdalaust í föður. Það er ljóst að slíkar breytingar, þótt smávægilegar virðist og sjálfsagðar í fljótu bragði, hafa mikil áhrif í þá átt að láta okkur halda að forníslenska hafi verið miklu "betra" eða "hreinna" mál en hún var í raun og veru.

Í tveim síðustu þáttum mínum hef ég rætt lítillega um forníslensku og ýmsa erfiðleika sem eru því samfara að nota hana sem viðmið um rétt og rangt. Kannski hafa einhverjir skilið þetta svo að ég telji hreint engu máli skipti hvað hafi verið sagt til forna. Svo er þó alls ekki. Ef við viljum á annað borð reka einhverja málstefnu, hirða eitthvað um ástand málsins, eins og ég held að flestir vilji, þá er bæði eðlilegt og sjálfsagt að líta til forn málsins sem einhvers konar fyrirmyndar. En við megum ekki einblína á það, og ekki hengja okkur í smáatriði. Það er alveg ljóst að fjölmargar breytingar sem orðið hafa á málinu eru nú fullkomlega viðurkenndar sem góð og gild íslenska. Vandinn felst þá fyrst og fremst í því að dæma um nýjungar sem eru að koma upp, eða eru komnar upp en hafa ekki að fullu sigrað. Á að berjast gegn þeim öllum? Og ef ekki, þá hverjum þeirra? Og með hvaða rökum á að skilja þar á milli?

Vissulega er af ýmsum ástæðum æskilegt að málið breytist sem minnst. En það er eðli mála að breytast, og engar líkur til að við komumst hjá einhverjum breytingum á móðurmálinu, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ég held að það sé hvorki nauðsynlegt né skynsamlegt að berjast af sama krafti gegn öllum breytingum, heldur verði að vege það og meta hverju sinni, hvort málstaðurinn sé baráttunnar virði. Á því hafa menn auðvitað mismunandi skoðanir, en ég get t.d. hugsað mér þrjár gildar ástæður fyrir að vilja sporna gegn ákveðinni málbreytingu; að hún geri okkur erfiðara um vik að skilja málfar undangenginna kynslóða, að hún minnki fjölbreytni málsins, og að hún raski grundvallarþáttum málkerfisins - sem að vísu gæti reynst erfitt að skilgreina hverjir séu.

Fyrstnefnda ástæðan er e.t.v. mikilvægust, enda má segja að hún taki yfir hinar tvær; það er að segja, búast má við að breyting sem minnkar fjölbreytni málsins eða raskar grundvallarþáttum málkerfisins torveldi okkur jafnframt skilning á máli forfeðranna. Þó þarf svo ekki að vera, því að talsvert af málkunnáttu okkar er óvirk kunnátta; orð, beygingar eða setningagerðir sem við skiljum en notum sjaldan eða aldrei sjálf. Þótt fáir eða engir beygi nú firðir um fjörðu eða skildir um skjöldu kannast menn við hina fornu beygingu, og sú breyting sem orðið hefur torveldar því sjaldnast skilning.

Hvað eigum við þá að segja um breytingar sem mjög hefur verið barist gegn, eins og t.d. þágufallssýkina, eða beyginguna læknir um læknir? Er einhver gild ástæða til að berjast gegn þessum breytingum? Því verður hver að svara fyrir sig. Ég held að hvorug þessara breytinga eigi að torvela skilning á eldri textum; það er hvort eð er ekkert einsdæmi að sagnir hafi breytt um fallstjórn, eða orð flust milli beygingarflokka. Hvorug þessara breytinga raskar heldur grundvallarþáttum málkerfisins, að því er ég best fæ séð. Bæði persónulegar og ópersónulegar sagnir halda áfram að vera til, og það skiptir varla sköpum þótt stöku sögn flytjist á milli flokka; og orð eins og læknir hætta ekki að beygjast. Hins vegar mætti með nokkrum rökum halda því fram að fjölbreytni málsins minnkaði ef þessar breytingar gengju yfir; sagnir sem tækju með sér þolfall eins og langa og vanta gera nú hyrfu úr málinu, og einn beygingarflokkur nafnorða líka.

Ef við viljum sem sagt berjast gegn þessum breytingum, þá höfum við vissulega rök fyrir því. Og þótt þessum rökum væri ekki til að dreifa, er enn eitt sem nefna má: Í blaðaviðtali í fyrrahaust sagðist Halldór Halldórsson prófessor vera á móti óþörfum málbreytingum. Nú má lengi deila um hvaða málbreytingar séu þarfar og hverjar ekki, en sjálfsagt yrði erfitt að rökstyðja það að einhver sérstök þörf sé fyrir þessar tvær breytingar sem ég hef minnst hér á.

Ég hef nú nefnt nokkur atriði sem hafa má hliðsjón af við dóma um málfarsleg efni. Það er þó langt frá því að þar sé um tæmandi skrá að ræða; ég hef aðeins nefnt þetta til að gefa hlustendum hugmynd um það eftir hverju ég reyni að fara í svörum mínum og ráðleggingum í þessum þáttum. Hér vantar augljóslega einn mjög mikilvægan þátt; málvenjuna. Mér finnst ákaflega

hæpið að dæma einhverja breytingu sem orðin er í máli meginhluta landsmanna rangt mál, enda þótt hún geti talist óæskileg samkvæmt þeim rökum sem ég nefndi hér á undan. Um þetta eru þó skiptar skoðanir, og verður hver að ákveða fyrir sig.

Oft er talað um óheillavænleg áhrif erlendra mála á íslensku, og hve þau hafi aukist á undanförunum áratugum. Ég hygg raunar að oft sé of mikið gert úr þessum áhrifum, og mun fjalla um það síðar. Einnig er vafasamt að setja öll erlend máláhrif undir einn hatt. Tökuorð geta t.d. fallið ágætlega inn í málkerfið, eins og flestir viðurkenna, og engin ástæða til að amast við þeim af þeirri ástæðu einni að þau eru erlend að uppruna, ef þau koma að notum í íslensku. En að svo miklu leyti sem hægt er að tala um erlend áhrif á íslenska málþróun, held ég að þau séu mun varasamari hvað varðar setningagerð. Þau áhrif bera nefnilega íslenska grímu, þannig að menn taka síður eftir þeim en einstökum erlendum orðum; og þau geta í sumum tilvikum varðað grundvallarkerfi málsins.

En eftir hvaða leiðum berast þessi erlendu áhrif? Það er oft deilt á sérfræðinga í ýmsum greinum fyrir að tala eða skrifa vont og illskiljanlegt mál, og erlendum áhrifum oft kennt um. Sjálfsagt á þessi gagnrýni oft við rök að styðjast; en það er ekki þar með sagt að hún sé endilega alltaf sanngjörn. Fyrir því eru tvær ástæður. Önnur er sú að þær fræðigreinar sem til umræðu eru eiga sér sjaldnast langa sögu á Íslandi; þar af leiðandi skortir alla hefð í sambandi við umtal um þær, og það tekur talsverðan tíma að skapa slíka hefð. Oft er þá um það að velja að nota erlend orð eða nýyrði, sem hljóta að verða almenningi framandi í fyrstu.

Hin ástæðan er sú að þau efni sem rætt er um eru oft svo flókin að borin von er að þau skiljist án einhverrar sérþekkingar. Ég þykist stundum hafa orðið var við að þessu tvennu sé blandað saman; ef fólk skilur ekki sérfræðingana skellir það skuldinni á málfar þeirra, þótt hin raunverulega ástæða sé kannski sú að umræðuefnið er þess eðlis að það krefst sérþekkingar.

Sérfræðingarnir eiga sér þannig oft málsbætur, þótt ég efist ekki um að sitthvað megi oft betur fara í framsetningu þeirra. En til eru aðrir sem ekki eiga sér sams konar málsbætur; það eru þeir sem þýða fréttir og greinar í blöðum, skáldverk og kvikmyndir. Þar er um að ræða þjónustu sem fólki er seld, og því eðlilegt og sjálfsagt að meiri kröfur séu gerðar til vandaðra vinnubragða. Það málfar sem þar á við á sér að auki yfirleitt talsverða hefð í íslensku og krefst sjaldnast verulegrar sérþekkingar til skilnings. Samt held ég að þarna séu erlendu áhrifin oft einna mest. Ótal dæmi eru um það í blaðafréttum og greinum að hin erlenda setningaskipun og orðaval skíni í gegn. Sem betur fer er þó meginhluti þeirra sem þýða bækur hér á landi fólk sem tekur starf sitt alvarlega, er vel máli farið og orðar textann upp á nýtt, en lætur sér ekki nægja að þýða orðrétt.

En þegar kemur að þýðingu kvikmynda verður annað uppi á teningnum. Skyld er að geta þess að Sjónvarpið er þar til fyrirmyndar; það hefur í þjónustu sinni marga ágæta þýðendur, og að auki lesa alltaf tveir menn alla texta áður en þeir eru sendir út. En það er hjá kvikmyndahúsunum sem pottur er brotinn. Þýðingar þar eru oft hreinasta hörmung. Látum það nú vera þótt þær séu stundum beinlínis rangar -það gerir íslensku máli ekki svo mikið til - en verra er hve oft þær eru illa gerðar, textinn fullur af stafsetningarvillum, klúðurslegu orðalagi, orðréttum þýðingum o.þ.u.l. Ömurlegast er þó þegar erlend orðtök eða málshættir eru þýdd orðrétt, í stað þess að finna samsvarandi íslenskt orðasamband. Menn taka kannski ekki svo mikið eftir þessu, vegna þess að flestar myndir eru með ensku tali, sem flestir skilja sér til einhvers gagns, og eru því ekki algerlega háðir íslenska textanum; en það er auðvitað engin afsökun, síður en svo. Mér er sagt að þeir sem þýða texta við kvikmyndir hafi yfirleitt ekki séð myndirnar, og skýrir það vissulega ýmsar rangþýðingar, og sýnir auk þess hve vinnubrögðin eru hroðvirknisleg. Hvort þetta gildir um allar myndir og öll kvikmyndahús veit ég ekki; en ábyrgð bíóanna er mikil í þessu sambandi. Ég hef heyrt að sama máli gegni um þýðingar a.m.k. sumra þeirra myndbanda sem leigð eru út.

Ég hef sagt að ég ætli að forðast að dæma mál rétt eða rangt, vegna þess að ég þykist ekki hafa umboð til þess. En ég hika hins vegar ekki við að dæma málfar gott eða vont; þar er spurning um smekk, en ekki um rétt eða rangt. Þess vegna held ég því fram að málfarið á textaþýðingum

kvikmynda og myndbanda sé iðulega vont. Það er vont vegna þess að kastað hefur verið höndum til verksins, og málinu og málnotendum þar með sýnd óvirðing.

Með bréfi sem þættinum barst nýlega fylgdi úrklippa úr Morgunblaðinu frá 5. júlí. Þar er greint frá frjósamri konu suður í Brasilíu, sem var að eignast sína tíundu tvíbura um daginn. Í fréttinni segir orðrétt: "Móðir hennar átti einnig tíu tvíbura og tvær dætra hennar eiga hvor sitt parið af tvíbúrum." Og bréfitari spy: "Hvað er þar af tvíbúrum."

Það verður ekki betur séð en þar af tvíbúrum þýði hér bara 'tvíbúrar'. Hæpið er að telja nokkuð beinlínis rangt við að tala um þar af tvíbúrum, en ekki er það fallegt mál. Orðið þar er notað um eitthvað tvennt sem á saman á einhvern hátt; við tölum um þar af skóm, þar af sokkum, og því þá ekki um þar af tvíbúrum? Hitt er annað mál að þetta orð er iðulega óþarft. Í staðinn fyrir eitt, tvö, þrjú eða fjögur þör af skóm má tala um eina, tvenna, þrenna eða ferna skó, og þá sýnir mynd töluorðsins greinilega að um þör er að ræða. En þegar komið er upp í fimm eða fleiri, greinir töluorðið ekki á milli; "Sveinn á átta skó" getur bæði þýtt að Sveinn eigi átta þör af skóm, eða að hann eigi samtals átta skó sem þess vegna gætu allir verið á vinstri fót. Í slíkum tilvikum getur verið hentugt að grípa til orðsins þar til að greinilegt sé við hvort er átt.

Það ætti þó að vera alger óþarfi í þeirri setningu sem bréfitari nefnir, þar sem stóð: "tvær dætra hennar eiga hvor sitt parið af tvíbúrum". Hér færi betur og væri fullkomlega skýrt að segja einfaldlega: "tvær dætra hennar eiga sína tvíbúrana hvor".

En fyrst við erum að tala um orðið þar, skulum við nota tækifærið til að skoða aðeins betur notkun þess og uppruna. Það er notað í nokkrum samböndum, t.d. bollapar, hnífapar. Tvenndarmerkingin er skýr í bollaparinu, því að þar er um að ræða tvo hluti, bolla og undirskál eða undirbolla. En hvað er að segja um hnífaparið? Í Orðabók Menningarsjóðs er það sagt merkja 'hnífur og gaffal'. Ég hef spurt þónokkra að því undanfarið hvað þetta orð merki. Flestir segjast nota það yfir hníf, gaffal og skeið; sumir vilja líka hafa teskeið með, og jafnvel allt málmkyns sem hægt er að raða kringum disk á matarborði.

Í seðlasafni Orðabókar Háskólans eru þónokkur dæmi um hnífapar eða hnífapör. Oftast er erfitt eða útilokað að sjá hvað í því felst; þó eru til dæmi þar sem talað er um hnífapör og skeiðar, þannig að ljóst er að þær eru ekki innifaldar. Þessi dæmi eru frá fyrri hluta þessarar aldar; en í a.m.k. einu dæmi frá því laust fyrir miðja öldina eru skeiðarnar aftur á móti greinilega taldar með.

Það er algengt að merking stofna, sem mynda samsett orð, breytist smátt og smátt; tengslin við orðhlutana sjálfstæða rofna að meira eða minna leyti, og samsetningin fær sína eigin merkingu, sem ekki er að öllu leyti í samræmi við merkingu orðhlutanna hvors um sig. Hér er greinilegt dæmi um hvernig merking orðs víkkar vegna aðstæðna. Það er nokkuð ljóst á seinni hlutanum, þar, að orðið hefur eitt sinn átt við eitthvað tvennt, enda má halda því fram að nán tengsl séu milli hnífs og gaffals, þótt svo hafi ekki alltaf verið; talað er um að eiga til hnífs og skeiðar. Nú eru hnífur, gaffal og skeið svo sterkt tengd í hugum manna, að eðlilegt er að merkingin víkki og orðið fari að taka til skeiðarinnar líka; og menn hætti að tengja þetta nokkuð við þar í merkingunni 'tvennd'. Það kemur líka fram í því, að nú er orðið nær einhaft í fleirtölu, og talað um hnífapör sem eins konar safnheiti.

En hver er uppruni orðsins þar? Það er ekki af germönskum stofni frekar en önnur orð málsins sem byrja á p; p kom ekki fyrir í upphafi orða í germönsku, og öll íslensk orð sem byrja á þeim bókstaf eru því tökuorð. Það er þó ekki þar með sagt að þau hafi verið tekin upp í íslensku; mörg þeirra eru komin inn í norrænu fyrr, og orðið þar kemur fyrir í forníslensku. Því hafa líklega fæstir verulega andúð á þessu orði. En vilji menn komast hjá að nota það er í sumum tilvikum hægt að nota í staðinn orðið tvennd, sem er vissulega íslenskulegra. Við tölum um tvenndarkeppni og tvenndarleik í íþróttum. En ekki er þessi leið alltaf fær; tæplega held ég að menn færu í búð og keyptu sér þrjár tvenndir af sokkum. Það er því engin ástæða til að amast við orðinu þar, en hins vegar er sjálfsagt að hafa aðra möguleika í huga.

Í bréfi sem þættinum hefur borist segir að nýlega hafi verið komist svo að orði í útvarpsfrétt um

Surtsey: "Sá hluti eyjarinnar sem upp úr stendur minnkar stöðugt." Af því tilefni spyr bréfritari: "Er hægt að tala um neðansjávareyjar?"

Það er nú venja að eyjar standi upp úr sjó; annars er talað um neðansjávurfjöll, sker, boða, grynningar eða eitthvað í þá áttina. Skerin eru raunar sérstök að því leyti að þau geta hvort heldur er verið algerlega neðansjávar eða staðið upp úr að einhverju leyti. En ég held að við verðum að gera þá kröfu til eyja að þær standi upp úr sjó, ef þær vilja halda stöðu sinni; og svarið við spurningunni verður því: Nei, það er ekki hægt að tala um neðansjávareyjar, ef við viljum halda okkur við venjulega merkingu orðsins ey eða eyja.

Í setningunni sem bréfritari vitnar til gegnir þó dálítið öðru máli, því að þar er ekki verið að tala um svæði sem er algerlega neðansjávar, heldur er um að ræða hluta af stærri heild. Og þá er spurningin: Heldur landsvæði sem sekkur í sæ áfram að vera hluti þess lands eða eyjar sem það tilheyrði áður? Um það eru sjálfsagt skiptar skoðanir, og ég hætti mér ekki út í vangaveltur þar um, enda eins víst að þar sé komið út á verksvið hafréttarfræðinga.

En það er þó alveg ljóst, hvað sem líður neðansjávareyjum og öðrum áþekktum fyrirbærum, að setninguna sem bréfritari vitnar til, "Sá hluti eyjarinnar sem upp úr stendur minnkar stöðugt", mætti orða bæði skýrar og eðlilegar, og segja bara: "Eyjan minnkar stöðugt." Það ætti ekki að geta valdið neinum misskilningi, held ég.

Í bréfi til þáttarins, sem raunar hefur legið lengi ósvarað, kemst hlustandi svo að orði: "Mér finnst þurfa athugunar hvort orðalagið "ekki ósjaldan" í merkingunni 'alloft' er með öllu rangt - ekki þannig að ég sé að mæla því bót. Sbr. t.d. ósjór, ólæti, óvani, óöld, óbragð, og margt fleira."

Margir hafa amast við þessari málnotkun, að láta ekki ósjaldan merkja 'alloft', og sagt sem svo að það sé örökrétt, því að ó- sé neitunarforskeyti; ósjaldan merki því 'oft', en ekki ósjaldan merki 'sjaldan', því að neitanirnar, ekki og ó-, vegi hvor aðra upp. Þetta er þó ekki alltaf svo einfalt, því að eins og bréfritari bendir á, er það alls ekki alltaf svo að forskeytið ó- neiti merkingu stofnsins sem það tengist. Þá ætti ólæti að merkja 'kyrrð', óbragð að merkja 'bragðleysi' o.s.frv. Í dæmum bréfrítara merkir ó- miklu fremur 'slæmur, vondur'; ósjór er 'vondur sjór', óvani 'vondur vani', óbragð 'vont bragð', o.s.frv. Ef stofninn er sjálfur neikvæðrar merkingar, getur svo farið að u.þ.b. sama merking fáiast, hvort sem ó- er notað eða ekki; ólæti og læti eru nokkuð svipuð, a.m.k. finnst mér hæpið að segja: "Það voru engin ólæti í krökkunum, bara svolítil læti." Það er því ljóst að forskeytið ó- hefur alls ekki alltaf beina neitunarkerkingu, þótt sennilega feli það yfirleitt eitthvað neikvætt í sér.

En í þessu tilviki er þó nokkuð greinilegt að ó- í ósjaldan er neitandi merkingar, og ósjaldan eitt sér er andstæðrar merkingar við sjaldan. Það má því halda því fram að það sé örökrétt að láta ekki ósjaldan merkja það sama. Á hinn bóginn er hæpið að dæma mál rétt eða rangt eingöngu á grundvelli þess hvað er rökrétt; líta verður á fleira, s.s. málvenju.

Í seðlasafni Orðabókar Háskólans eru allnokkur dæmi um sambandið ekki ósjaldan. Ekki er alltaf auðvelt að sjá hver merkingin á að vera, en þó virtist mér greinilegt að í meirihluta dæmanna var merkingin 'alloft'. Nú skulum við athuga vel að þótt þessi "ranga" merking sé á ferðum í meirihluta tilvika, þarf það ekki endilega að tákna að hún sé algengari en hin. Eigi að síður sýnir þetta að þessi notkun er útbreidd og hefur lengi verið; elstu dæmin um hana eru frá því á 18. öld, og hún kemur fyrir í ritum sem talin eru frekar til fyrirmyndar um málfar.

Notkun orðasambandsins ekki ósjaldan í merkingunni 'alloft' á sér því langa sögu, og ég hika við að fordæma hana. Hins vegar má telja hana óheppilega, því að hún getur vissulega valdið misskilningi; enda er ósjaldan alveg nóg.

Stundum er fundið að málfari íþróttafréttamanna fjölmiðla, og vissulega er það um margt sérstætt. Íþróttafréttir eru oft skrifaðar á skömmum tíma og bera þess merki; lýsingar verða iðulega æði einhæfar, og mikið um föst orðasambönd sem notuð eru í tíma og ótíma. Ekki er ýkja mikið um erlend orð í íþróttafréttum, en hins vegar er það mjög tíðkað að íslensk orð séu notuð þar í þrengdri eða afleiddri merkingu. Það getur verið allt í lagi og farið vel, sé það gert af

einhverri smekkvísi og grunnmerking orðanna ekki teygð úr hófi fram. Það þykir þó sumum stundum gert, eins og kemur fram í bréfi, sem þættinum barst nýlega, og hefst svo:

Í útvarpi fyrir skömmu fórust viðmælanda fréttamanns svo orð: Til þess að komast áfram til keppni á Olympíuleikunum þarf íslenska sveitin að hafna í þriðja sæti í sínum riðli.

Með bréfinu fylgir einnig úrklippa úr dagblaði, þar sem segir í fyrirsögn: Ísland vann Finna og hafnaði í 2.-3. sæti. Og bréfitari heldur áfram: Orðtiltækið að hafna í einhverju sæti í keppni hefur verið mikið í tísku að undanfögnu og þeir, sem nota það, virðast ekki skilja merkingu þess. Að hafna í einhverju sæti þýðir að mínu mati að vera aftarlega í röð. Þegar vel tekst til getum við gert okkur vonir um að ná 2. eða 3. sæti. Í Norðurlandakeppninni náðum við 2.-3. sæti, en höfnuðum ekki í 2.-3. sæti. Svona heimska má ekki viðgangast, segir bréfitari að lokum.

Í Orðabók Menningarsjóðs er sú merking sagnarinnar hafna sem hér um ræðir alls ekki gefin. Hins vegar er þar sögnin hafna í merkingunni 'leggjast að', höfð um skip, og raunar oftast notuð afturbeygð: skipið hafnaði sig. Í seðlasafni Orðabókar Háskólans er fjöldi dæma um skip sem hafna sig, en einnig kemur þar fyrir afleidd merking: Ég hafnaði mig þar í merkingunni 'ég settist þar að, kom mér þar fyrir'. Þrjú dæmi voru þó um sögnina hafna í svipaðri merkingu og bréfitari ræðir um, og skal ég lesa þau. Elsta dæmið er úr Fjallkonunni frá 1887, og hljóðar svo: "Menning þeirra er á reki og í hreyfingu, en ekki höfnuð í neins konar fullkornun og jafnframt kyrrstöðu eins og hin kínverska." Annað dæmi er svona: "Báðir þeir menn höfnuðu að lokum í lífverði Jörundar hundadagakonungs." Og það þriðja: "Lenti bifreiðin út af veginum ... og hafnaði ... á réttum kili utan vegar." Ég veit ekki hvort menn vilja lesa mjög neikvæða merkingu út úr þessum dæmum; það má a.m.k. telja það lán í óláni að bíllinn lenti á réttum kili, ef hann fór út af á annað borð. Það sem er hins vegar sameiginlegt með þessum dæmum er að sá sem hafnar einhvers staðar hefur ekki stefnt að því vitandi vits; enginn er sjálfráður um það hvar hann hafnar. Við getum varla sagt: "Ég ætla að hafna í góðri stöðu." Þetta er kannski ástæðan fyrir því að sumum finnst neikvæð merking tengjast þessari sögn: Við viljum nefnilega helst ráða því sjálf hvar við lendum, og finnst þar af leiðandi neikvætt að hafna einhvers staðar.

Bréfitari nefnir að sögnin hafna sé einkum notuð í frásögnum af íþróttamótum. Fyrst íþróttamál er til umræðu, ætla ég að nota tækifærið til að tala um aðra sögn sem þar veður uppi, oft til lítillar þýði. Það er sögnin tryggja eða tryggja sér. Í staðinn fyrir að segja Akurnesingar unnu leikinn eða mótið er sagt Akurnesingar tryggðu sér sigur; þessi og þessi tryggir sér annað sætið í keppninni í stað þess að ná öðru sæti, hreppa annað sæti, eða jafnvel hafna í öðru sæti. Þetta orðaval getur vissulega átt rétt á sér, en í flestum tilvikum er það óþarfa málalengingar, og verður leiðigjarnt þegar það er jafn mikið notað og raun ber vitni. Þar að auki er notkun sagnarinnar tryggja í þessum samböndum stundum nokkuð á skjön við þá merkingu sem gefin er upp í orðabókum. Tryggja einhverjum eitthvað er skýrt svo: 'gera öruggt að einhver fái eitthvað'. Það er hæpið að mark skorað löngu áður en leik lýkur tryggi liðinu sem skorar sigur, því að alltaf er a.m.k. fræðilegur möguleiki að hitt liðið jafni eða komist yfir. Sigurinn er ekki tryggur fyrr en leiknum er lokið. Það er ekki óeðlilegt að segja: "Reynismenn tryggðu sér endanlega úrslitasætið með sigrinum í Hólmavík", eins og stóð í Þjóðviljanum nýlega, því að þar hefur sigurinn gert það öruggt að liðið komist í úrslit. En ólíkt finnst mér fara betur að segja "Þór hefur þegar sigrað í riðlinum" en "Þór hefur þegar tryggt sér sigur í riðlinum", eins og stóð í sama blaði um svipað leyti.

Flestir munu sammála um að eitt af því sem helst greini íslensku frá skyldum málum séu hinar miklu beygingar sem haldist hafa í málinu, en horfið hafa að miklu leyti í grannmálunum. Það er bæði eðlilegt og sjálfsagt að leggja allt kapp á að varðveita þetta einkenni málsins, enda myndi hrun beygingakerfisins sennilega hafa mun víðtækari afleiðingar en auðvelt er að gera sér grein fyrir í fljótu bragði, t.d. í setningagerð.

En þótt mikilvægt sé að varðveita sjálft beygingakerfið, er ekki þar með sagt að nauðsynlegt sé að berjast gegn öllum breytingum á beygingu. Það gerir kerfinu ekki til þótt einstök orð breyti um beygingu, skipti um beygingarflokk, svo framarlega sem þau halda áfram að beygjast.

Eitt þeirra atriða sem helst eru á reiki í íslenskri beygingarfræði er eignarfall eintölu sterkbeygðra karlkynsorða. Þar er frá fornu fari um tvær endingar að ræða, -s, eins og í hests, akurs, og -ar, eins og í matar, staðar. Sum orð taka eingöngu aðra endinguna og hafa alltaf gert, önnur geta tekið hvora endinguna sem er, eins og bekkur, sem er ýmist bekkis eða bekkjar í eignarfalli; og enn önnur hafa alveg skipt um flokk, og taka nú alltaf aðra endingu en í fornmáli.

Færsla orða milli flokka að þessu leyti er ekki ný bóla; þegar í fornmáli eru ýmis dæmi um hana. Þannig eru til í fornum textum dæmi um eignarfallið veggs, af veggur, og vegs, af vegur. Snemma kemur líka til færsla mannanafna milli flokka; farið er að segja Haraldar, Höskuldar, í stað Haralds, Höskulds, og Björns, Guðmunds, í stað Bjarnar, Guðmundar.

Í nútímamáli virðist vera nokkuð sterk tilhneiging til að setja -s í stað -ar í mörgum nafnorðum. Mjög algengt er að heyra myndir eins og tugs í stað tugar, og einnig kemur fyrir liðs í stað liðar, gruns í stað grunar, veggs í stað veggjar, vegs í stað veggjar, og jafnvel læks í stað lækjar. Um allar þessar myndir eru dæmi í seðlasafni Orðabókar Háskólans, og sumar þeirra koma fyrir í fornmáli, eins og áður sagði.

En hver er ástæða þessara breytinga? Það er ekki gott að segja, en líklega er hér um að ræða ofríki meirihlutans; meirihluti íslenskra karlkynsnafnorða endar frá fornu fari á -s í eignarfalli, og ekki skrítið að sá sægur dragi fleiri til sín. En annað gæti líka komið til; -s er nefnilega frá merkingarlegu sjónarmiði miklu betri eignarfallsending en -ar. -s sem beygingarending getur ekki táknað neitt annað en eignarfall eintölu í karlkyni eða hvorugkyni; en -ar er margræð ending, getur einnig táknað nefnifall fleirtölu í karlkyni, eins og í hestar, strákar, pennar; og nefnifall og þolfall fleirtölu í kvenkyni, eins og í skálar, vélar. Það má því hugsanlega halda því fram að með því að auka veg -s-endingarinnar aukist skýrleiki málsins.

Reyndar haga sum sérnöfn, sér þveröfugt að þessu leyti; nú er tilhneiging til að segja Haraldar, Höskuldar, Ágústur í stað Haralds, Höskulds, Ágústs. Það er reyndar alls ekkert einsdæmi að sérstakar reglur gildi um sérnöfn, og það eru ekki nándar nærri öll karlmansnöfn sem þessi tilhneiging kemur fram í; enginn segir til Gunnarar, til Stefánar o.s.frv. Þar kemur sennilega til auðveldari framburður. Stofn þeirra nafna sem hafa tilhneingingu til að fá -ar-endingu endar á samhljóðaklasa, þ.e. fleiri en einum samhljóða; og þegar eignarfalls-s-ið bætist við, eru þar komnir a.m.k. þrjú samhljóðar saman. Slíkir samhljóðaklasar hafa tilhneingingu til að einfaldast í framburði. Stundum gerist það með því að eitt hljóðið fellur brott, eins og g-hljóðið í hk. margt, af lo. margur; stundum samlagast eitt hljóð öðru, eins og t-hljóðið í hrúts, af hrútur. Þriðja leiðin er svo að losa sig við eitt samhljóðið með því að skipta um endingu; setja -ar í stað -s.

En hvað er um þessar breytingar að segja; eru þær óæskilegar? Ég held a.m.k. að það sé ekkert unnið með þeim; málið verður ekkert betra fyrir vikið. Hins vegar fæ ég ekki séð að þær séu ýkja alvarlegar heldur. Fjöldi orða hefur hvort eð er skipt um beygingarflokk, og slíkir smámunur gera forna texta ekki illskiljanlega. Hér er ekki heldur um það að ræða að nein beyging hverfi úr málinu; bæði -s- og -ar- endingarnar halda velli, þótt þær séu ekki á alveg sömu orðum og áður. Þessar breytingar minnka því ekki fjölbreytni málsins á neinn hátt, að því er ég best fæ séð. Ég sé því enga ástæðu til að berjast gegn þeim af miklum krafti. Ég virði að vísu það sjónarmið að allar breytingar séu óæskilegar, en ég held að rétt sé að berjast gegn ýmsu af meira krafti en þessu.

Alltaf öðru hverju koma upp einhver tiskufyrirbrigði sem berast frá útlöndum og taka með sér erlend heiti sín. Stundum koma strax fram íslensk orð yfir þessi fyrirbrigði og vinna sér hefð, en oft er erlenda nafnið notað, enda þótt íslensk samsvörun hafi komið fram. Reyndar held ég varla að slík erlend tiskuorð geri verulegan skaða í málinu; oftast detta fyrirbrigðin fljótlega úr tísku, og orðin hverfa með þeim. Þrátt fyrir það er auðvitað æskilegt að reynt sé að finna þeim íslensk nöfn.

Því minnst ég á þetta að undanfarið hafa menn spreytt sig á að finna íslenskt orð um þann dans sem kallaður er break eða breakdance á ensku. Baldur Jónsson hefur lagt til að notað sé karlkynsorðið skrykkur um þennan dans, og skrifaði um það greinargerð í Morgunblaðið í

síðustu viku. Þar leggur hann einnig til að notuð sé sögnin að skrykkja um athöfnina að dansa þennan dans, og nafnorðið skrykkir eða skryckill um þann sem dansar.

Páll Bergþórsson hringdi í mig nýlega og kvaðst ekki vera alveg sáttur við með skrykkinn. Hann lagði til að í staðinn yrði notað orðið brekdans, og benti á að þar væri bæði um að ræða hljóðlíkingu og merkingarskyldleika; orðið brek er til í íslensku, og getur m.a. merkt 'brak'; og í orðabók Sigfúsar Blöndals er orðið breksjór í merkingunni 'brotsjór', og er þá stutt í merkingu enska orðsins break.

Ég er ekki frá því að þetta orð Páls hafi ýmsa kosti, og þann helstan hve líkt það er enska orðinu, þótt slík líkindi séu reyndar engin trygging fyrir því að nýyrði festist í sessi, eins og ýmis dæmi sanna. En því má reyndar bæta við, að oft er talað um tilhneigingu til einhljóðunar tvíhljóða, sem talið er gæta mest í máli ungs fólks, þannig að æ verði a, au verði ö eða u, og ei verði e. Það er því ekki út í hött að ætla að enska orðið sé í raun og veru oft borið fram með e í stað ei; og þá erum við komin með nýyrði Páls, brekdans. Það ætti því ekki að vera mikið átak fyrir unglingana að taka upp þetta orð, ef þeir kjósa það fremur en skrykkinn.

Páll minntist einnig á annað orð sem nú heyrir oft, þótt það sé ekki tískuorð á sama hátt og breikið. Það er orðið mill eða mills, sem oft kemur fyrir í fréttum af orkusölu Íslendinga. Eins og Páll benti á er hér ekki um að ræða sjálfstæða verðeiningu, heldur miðast hún alveg við Bandaríkjadal; mill merkir þarna það sama og í metrakerfinu, en heiti eininga þess hafa löngu hlotið þegnrétt í málinu, þótt þau séu ekki sem íslenskulegust öll. Millimetri merkir 'einn þúsundasti úr metra', millilítri 'einn þúsundasti úr lítra', milligramm 'einn þúsundasti úr grammi', og mill táknar 'einn þúsundasti úr Bandaríkjadal'; og því væri eðlilegast að tala um millidal eða millidollar. Að minnsta kosti er alger óþarfi og ósmekklegt að láta ensku fleirtöluendinguna -s fylgja með, og tala um svo og svo mörg mills, eins og oft er gert; ef mönnum finnst styttingin mill fyrir millidal nægja, er lágmarkskrafa að orðið sé beygt að íslenskum hætti og haft eins í eintölu og fleirtölu, eins og sterkbeygð hvorugkynsorð eru ef stofnsérhljóð þeirra er annað en a.

Fyrst þátturinn er ekki búinn, og ég hef verið að tala um ábendingar Páls Bergþórssonar, læt ég fljóta með það þriðja sem hann nefndi við mig, þótt það sé af öðrum toga. Það varðar uppruna orðasambandsins ekki ósjaldan í merkingunni 'alloft', sem ég talaði um fyrir skömmu. Tilgáta Páls er sú að þetta hafi þróast úr sambandinu ekki örsjaldan. Ör- er forskeyti, eins og ó-, en hefur hins vegar ekki neitandi merkingu, heldur smækkunar- eða minnkunarmerkingu; örsjaldan merkir þá 'mjög sjaldan', þannig að ekki örsjaldan merkir 'ekki mjög sjaldan'. Þá verður að gera ráð fyrir að orðasambandið í heild haldi merkingu sinni, þótt þessi breyting verði á forskeytum, og er það raunar ekki einsdæmi. Páll nefndi í þessu sambandi þá skýringu Þórhalls Vilmundarsonar á nafninu Ódáðahraun, að það sé komið af Ördaðahraun, og væri þá um að ræða sömu breytingu, ör- verður ó-. Þessa skýringu setur Þórhallur fram í tímaritinu Grímni, og bendir þar á að í hinni íslensk-ensku orðabók sem kennd er við Richard Cleasby og Guðbrand Vigfússon er talið að nokkur dæmi séu um að ör- breytist í ó-. En ekki skal ég segja um hvort þessi skýring á við hér, enda kemur fleira til greina. Það er t.d. alþekkt tilhneiging í fjölda mála að nota fleiri en eina neitun til áhersluauka, enda þótt þau sambönd séu strangt tekið ekki "rökrétt".

Sagt er að hverjum þyki sinn fugl fagur, og á það ekki síst við um tungumálið. Við höldum því oft fram að íslenska sé betra og fegurra mál en önnur. Þetta er alveg rétt, hún er það fyrir okkur sem eigum hana að móðurmáli. En það er ekki þar með sagt að íslenska sé frá málfræðilegu sjónarmiði á nokkurn hátt merkilegra mál en önnur. Við viljum veg hennar sem mestan af því að hún er móðurmál okkar, grundvöllur menningar okkar; en það er engin ástæða til að halda að hún sé á einhvern hátt betri til síns brúks en önnur mál eru fyrir þá sem þau tala.

En sú staðreynd að mönnum finnst oft best og réttast það sem þeir eru aldir upp við kemur ekki bara fram í því að okkur finnst íslenska betri en önnur mál; okkur finnst líka einmitt sú íslenska sem við erum sjálf alin upp við, hvert og eitt, betri en sú sem fólk af öðru landshorni eða á öðrum aldri talar, og okkur hættr við að telja annað en það sem við þekkjum sjálf eða erum

vönust rangt. T.d. býsnumst við Norðlendingar oft yfir linmæli Sunnlendinga, sem segi taba, vida, rega í staðinn fyrir tapa, vita, reka; en þegjum yfir því að við segjum sjálfir hver, kvaða í stað xer, xaða eða xwer, xwaða. Fyrir nokkrum árum átti ég tal við aldraðan mann fyrir norðan, og barst tal okkar að málfari manna. Viðmælandi minn tók að býsnast yfir því hvað mál unglunga í Reykjavík væri orðið spillt; t.d. segðu þeir nú mér langar, mér vantar og annað eftir því. Ekki mótmælti ég því, en spurði á móti hvort honum fyndist þá í lagi að tala um að hitta læk'nirinn. Hann varð hvumsa við, en sagðist ekki vita betur en það væri fullkomlega eðlilegt og rétt mál. Ég sagði honum þá að það mætti ekki á milli sjá hvor villan væri verri í setningunni mér langar að hitta læk'nirinn. Hann þagnaði um stund, en kvað svo upp úr með það að seinni villan væri miklu minni, því að hún væri norðlenska.

Þetta held ég að sé dæmigert fyrir viðbrögð margra okkar; við snúumst ósjálfrátt til varnar uppruna okkar, landfræðilegum og málfarslegum. Viðmælandi minn var alinn upp við að beygja læk'nir, um læk'nir, frá læk'nir, til læk'nirs; og í fleirtölu læk'nirar o.s.frv.; rétt eins og margar kynslóðir á undan honum. Honum fannst út í hött að halda því fram að það væri rangt. Og það er ekki nema eðlilegt. En hann áttaði sig ekki á því að sama gildir örugglega um a.m.k. suma af hinum reykvísku unglungum, sem honum þótti hneykslanlegt að segðu mér langar og mér vantar; þeir eru aldir upp við þetta líka. En við viljum helst fá að hafa okkar kreddu, en útrýma kreddu náungans - ekki síst ef hann er bæði af öðru landshorni og á öðrum aldri en við sjálf. Reyndar má bæta því við í þessu tilviki að eina skipulega rannsóknin sem hefur verið gerð á útbreiðslu þágufallssýki bendir til þess að hún sé síst minni á Norðurlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar eiga menn erfiðara með að trúa löstunum upp á þá sem þeir telja sitt heimafólk. Í Mállýzkum I segir Björn Guðfinnsson svo frá því hvernig svör hann fékk við spurningum sínum um framburð: "Þráfaldlega bar það við, að menn miðuðu um of við framburð sjálfra sín og töldu sama framburð ríkjandi í heilum héruðum. Stundum getur þetta verið rétt, en oft er furðumikill munur framburðar í sama héraði, einkum ef það liggur á mótum mállýzkna."

Málfar veslings unglunganna liggur því vel við höggi af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst er það auðvitað vegna þess að það er óumdeilanlega helst í því sem breytingarnar verða; það er fjarlægara hinu viðurkennda viðmiði, fornmálinu, en mál hinna fullorðnu. Einnig eru ýmis tískufyrirbrigði oft mikilvægari þáttur í lífi unglunga en fullorðinna, og orðin um þessi tískufyrirbrigði, sem iðulega eru erlend, þá jafnframt gildari þáttur í máli unglunganna en þeirra fullorðnu. En ein helsta ástæðan fyrir því að það eru helst unglingar sem eru gagnrýndir fyrir vont málfar er líklega sú að það er eingöngu fullorðið fólk sem sest þar í dómarasæti. Ég held sem sagt að það sem raunverulega liggur oft að baki gagnrýni á málfar unglunga sé að það er öðruvísi en málfar þeirra sem gagnrýna, frekar en það sé endilega verra samkvæmt einhverjum óskilgreindum mælikvarða. Við ættum þess vegna að líta oftár í eigin barm og velta fyrir okkur hvort það geti verið að undirrot aðfinnslna okkar sé stundum bara eigingirni.

Líklega hefur fátt verið oftár rætt í þessum þáttum og öðrum af svipuðu tagi í fjölmiðlum en beyging orðanna ær og kýr. Börnin eiga að læra það í skóla, ef þau kunna það ekki fyrir, að beygingin sé ær um á frá á til ær, og kýr um kú frá kú til kýr; síðan er sífellt hamrað á þessu í skólanum og málfarsþáttum. Samt sem áður heldur fólk áfram að beygja orðin öðruvísi, og tvo daga í röð í byrjun mánaðarins rakst ég á dæmi um það í blöðunum. Í Morgunblaðinu 1. ágúst er þessi fyrirsögn: "Olli kýr járnbrautarslysínu mikla?"; sem er alveg í samræmi við reglurnar, en svo hefst fréttin: "Líklegt er talið, að kú sem ráfað hefur upp á járnbrautarteina hafi valdið járnbrautarslysínu mikla sem varð í Skotlandi í gær." Nokkru seinna í fréttinni stendur svo: "Mitchell sagði ekki sannað að kúin hafi valdið slysínu." Í báðum tilvikum er þolfalls- og þágufallsmyndin kú notuð sem nefnifallsform, sem ekki er í samræmi við þá beygingu sem talin er rétt; þarna ætti að vera kýr, eins og í fyrirsögninni.

Daginn eftir stóð þetta í klausu á baksíðu Helgarpóstsins: "Ef lamb eða lömb eru öðru megin vegar, áin hinsvegar, hægið þá á hraðanum ..." Hér er alveg hliðstætt dæmi; í staðinn fyrir

nefnifallið ær er notuð þolfalls- og þágufallsmyndin á, því að gera verður ráð fyrir að átt sé við móður lambanna, en ekki einhverja á sem renni þarna framhjá, þ.e. á í merkingunni 'vatnsfall'.

Þessi breyting á beygingu orðanna ær og kýr er ekki ný, þótt hún hafi örugglega breiðst mikið út á seinni árum. Oft er bent á að vegna óvissu um beygingu orðanna forðast margir þau og nota í staðinn orðin rolla og belja, sem hafa venjulega veika beygingu. Ef spurt er hvort það sé rangt að nota myndirnar á og kú í nefnifalli í stað ær og kýr, þá verður svarið að svo sé, ef miðað er við forna beygingu. Hitt verður svo hver að eiga við sjálfan sig hvort rétt sé að miða við eitthvað fleira.

Í staðinn fyrir vangaveltur um rétt og rangt í þessu sambandi skulum við athuga aðeins hvernig getur staðið á því að menn eiga svona erfitt með að læra beygingu orðanna ær og kýr. Þar kemur margt til. Í fyrsta lagi er beygingarmynstrið óvenjulegt; nefnifall og eignarfall eru eins, ær og kýr, en þolfall og þágufall öðruvísi, á og kú. Slíkt mynstur finnst tæpast í neinum öðrum orðum málsins. Í öðru lagi er beygingin óregluleg að því leyti að hún felst ekki í því að venjulegum endingum sé bætt aftan við stofninn, heldur verða breytingar á bæði sérhljóðum og samhljóðum; í kýr er aðeins k-ið sameiginlegt, en í ær er ekkert hljóð sameiginlegt með myndunum tveimur, ær og á.

En þetta er ekki það eina sem veldur því hve torlærð þessi beyging er. Við þetta bætist það, sem er kannski meginástæðan, að hjá þorra nútímaíslendinga eru þetta orð sem þeir læra í skólum og eru þeim ekki töm úr daglegu máli. Allt öðru máli gegndi fyrir nokkrum áratugum þegar þjóðin bjó í sveit og allir umgengust ær og kýr frá blautu barnsbeini. Beyging þessara orða er síst óreglulegri en beyging persónufornafna eins og ég og þú, sem menn ruglast þó ekki í - nema með vissum sögnum, en það er annar handleggur. En ég og þú og beygingarmyndir þeirra eru orð sem við heyrum á hverjum degi, og því helst þeim þessi óregla uppi.

En nú vantar ekki, eins og ég sagði áðan, að reynt sé að kenna fólki beygingu orðanna ær og kýr. Hvernig stendur þá á því að menn eru alltaf að gera vitleysur? Svo virðist sem það sem börn læra fyrir ákveðinn tíma sé miklu rótfastara í málkerfi þeirra en það sem þau læra síðar. Þess vegna gengur svo illa að festa í mönnum það sem þeir eru ekki aldir upp við; það er ekki vegna þess hve kennslan sé léleg, heldur vegna þess hvernig og hvenær við lærum málið.

Ég tók áðan dæmi úr í Helgarpóstinum frá 2. ágúst; og í lokin ætla ég að drepa á annað atriði sem þar var athugavert, og varðar ærnar líka, þótt það sé ekki beygingarlegt. Þar er talað um "kindur og lömb þeirra". Þetta sést oft, og stafar væntanlega af því að orðið kind er kvenkyns, og vegna þess að ær eru margfalt algengari en hrútar í íslenskum sauðfjárbúskap, fara menn að skilja orðið svo að það eigi eingöngu við kvendýrið; kind, ær og rolla séu samheiti. En kind hefur lengi verið tegundarheiti, nær yfir ær, hrúta og lömb, líkt og orðið hross nær yfir hesta, hryssur og folöld. Ég held að við ættum að halda þeim greinarmun áfram.

Eins og kunnugt er breytist orðaforði málsins og orðanotkun ekki aðeins á þann hátt að nýyrði og tökuorð bætist við; einnig koma til breytingar á merkingu gamalla orða, sem verið hafa í málinu frá fornu fari. En merkingarbreytingar eru hvorki jafn áberandi né sama eðlis í öllum orðflokkum. Nafnorð eru oft heiti ákveðinna hluta, og sagnir eiga oft við einhverja verknaði; það er því oft auðveldara að negla merkingu þeirra niður, ef svo má segja, en t.d. merkingu lýsingarorða. Hvaða lýsingarorð við notum byggist nefnilega oft á huglægu mati okkar, hvers og eins, en tengist engu sérstöku í umhverfi okkar. Ef við sjáum mann á hlaupum, getum við væntanlega orðið sammála um að það sem við sjáum sé maður, og hann sé að hlaupa, því að við getum tínt til ákveðin sýnileg eða áþreifanleg atriði sem einkenni fyrirbærið mann og athöfnina að hlaupa. En ef okkur greinir á um hvort einhver bíll sé góður, ágætur, sæmilegur, frábær, lélegur eða æðislegur, þá getum við ekki skorið úr því á sama hátt, þ.e.a.s. með tilvísun til ákveðinna ytri einkenna. Það er ekkert samkomulag um það hvernig bíll þurfi að vera til að geta talist góður, ágætur o.s.frv. Það má að vísu hugsa sér slíkt samkomulag, t.d. að þeir sem prófa bíla og gefa þeim umsagnir fyrir blöðin kæmu sér saman um nákvæmlega hvernig góður bíll ætti að vera, ágætur bíll o.s.frv. En þá værum við búin að breyta þessum lýsingarorðum í eins

konar fræðiheiti á þessu sviði, og þetta hefði engin áhrif á notkun þeirra í öðru samhengi. Og ef verið væri að tala t.d. um bók, væri þessi leið líka ófær.

Þetta veldur því að merking og notkun lýsingarorða, einkum þeirra sem tákna magn eða gæði, er alltaf á dálitlu flökti. Ég sá skýrt dæmi um það um daginn þegar ég rak augun í einkunnastiga þann sem notaður er í plötudómum NT. Röð lýsingarorða í þeim stiga var nefnilega ekki í samræmi við þá merkingu sem ég hef lagt í orðin. Bestu plöturnar fengu þar einkunnina meistaraverk, síðan kom frábært og mjög gott, og hef ég ekkert við það að athuga; en síðan komu einkunnirnar gott, ágætt og sæmilegt, í þessari röð ofan frá. Og það var staða orðsins ágætt í þessari röð sem kom mér á óvart. Það er ekki ýkja langt síðan ágætur var eitt sterkasta lýsingarorðið, sbr. það að efsti hluti einkunnastiga í skólum nefnist ennþá ágætiseinkunn. En nokkuð er síðan orðið fór að falla í verði, og mig rámar í að fyrir nokkrum árum hafi verið deilt um það í blöðum hvort væri betra, ágætt eða mjög gott. Samkvæmt þessum einkunnastiga virðist ágætt meira að segja komið niður fyrir gott, eitt og sér, hvað þá mjög gott, og er bara næst fyrir ofan sæmilegt. Örlög þessara tveggja orða, ágætur og sæmilegur, hafa því orðið svipuð, því að verðfall lýsingarorða er engin ný bóla. Orðið sæmilegur merkti að fornu 'sá sem sæmir einhverjum', og það var því miklu betra þá en nú að vera sæmilegur.

En það er oft erfitt að gera sér grein fyrir því hvort og að hve miklu leyti merking lýsingarorðs hefur breyst. Það er vegna þess að notkun lýsingarorðs byggist á huglægu mati notandans, eins og áður sagði; og við getum ekki alltaf verið viss um hvert mat hans er. Það má taka dæmi af orðinu frábær, sem ennþá virðist halda stöðu sinni ofarlega eða efst í stiganum. En þetta orð hefur ekki alltaf merkt það sem það merkir nú, a.m.k. ekki eingöngu. Í forn málsorðabókum er það sagt merkja annaðhvort 'ágætur' eða 'óvenjulegur'. Oft er það svo að ekki er hægt að ráða af samhenginu hvort á við. Það á t.d. við um eftirfarandi dæmi úr Reisubók Jóns Indíafara, sem rituð er á seinni hluta 17. aldar, en þar segir á einum stað: "Kvinna hans tók fegins hendi við mér og sagði mig Guði velkominn með frábæru blíðlæti." Hér geta báðar merkingarnar staðist. Hægt er að hugsa sér að Jón sé þarna að láta í ljós ánægju sína með móttökurnar, og orðið sé notað u.þ.b. í nútímamerkingu. En hitt er líka til, að þarna sé aðeins um að ræða hlutlausu lýsingu þess að blíðlæti kvinnunnar hafi verið óvenju mikið. Á öðrum stað segir Jón svo: "Og er þau litu í brunninn, gáfu þau mikið hljóð af sér og sögðu, að þar flyti eitt dautt mey barn í brunninum. Slíkt frábært tilfelli barst skyndilega um borgina ..." Tæplega er ástæða til að ætla að Jón Indíafari hafi haft svo sérkennilegan húmor að honum hafi þótt þetta fyndið, heldur mun frábært þarna merkja 'óvenjulegt'.

Í síðasta þætti fjallaði ég um lýsingarorð og notkun þeirra; nú er rétt að halda því áfram. Í setningafræði Jakobs Smára frá 1920 segir: "Miðstig er stundum notað í líkri merkingu sem frumstig - einhver samanburður stendur óljóst fyrir hugskotssjónum þess, er talar." Sem dæmi um þetta tekur Jakob Smári setningar eins og þótti þeim mjög brugðið til hins betra og þessi kona var hnigin á efra aldur, bæði úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar; og orðatiltæki eins og af skárra taginu og velja ekki af verri endanum, sem hann segir daglegt mál. En svo bætir hann við: "Að nota eldri í merkingunni 'roskinn' er mjög óvenjulegt, nema helst í Reykjavík (og líklega dansk-þýskt að uppruna), enda getur þar varla verið um nokkurn samanburð að ræða. Dæmi: við húsmóður sína, er var eldri kona." Þetta dæmi er líka tekið úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem komu fyrst út 1862-4, þannig að þessi notkun er ekki ný af nálinni, og varla bundin við Reykjavík lengur, hafi hún einhvern tíma verið það. En það er amast við henni enn í dag, og hún sögð örökrétt, því að miðstig feli í sér samanburð, en þarna sé ekki um neinn samanburðarlið að ræða. Það sé hægt að segja hann er yngri maður en ég, því að þar er viðmið fyrir hendi; en ekki hann er yngri maður.

Það er rétt, að miðstig felur í sér samanburð. En þegar betur er að gáð, gerir frumstig lýsingarorða það líka, þótt okkur sjáist oftast yfir það. Munurinn er bara sá að miðstigið felur oftast í sér samanburð við tiltekinn einstakling eða hóp, en í frumstigi er borið saman við eitthvert meðaltal, staðal, eðlilegt ástand, norm, eða hvað á að kalla það. Ég skal taka dæmi til

að skýra þetta. Við getum væntanlega verið sammála um að þrjátíu vetra hestur sé gamall, en þrítugur maður sé það ekki. Samt eru báðir jafn gamlir, þ.e. þrítugir. Hvernig stendur þá á því að við segjum að annar sé gamall en hinn ekki?

Ástæðan er sú að lýsingarorð eins og gamall hefur ekki fasta merkingu, heldur afstæða; merking þess fer eftir orðinu sem það er notað með. Ef við segjum hesturinn er gamall merkir það því 'Hesturinn er gamall miðað við það sem hestar verða', eða eitthvað í þá áttina. Þessi maður er gamall merkir 'gamall miðað við meðalæviskeið manna'. Þetta er ástæðan fyrir því að hægt er að nota sama lýsingarorðið bæði um manninn og hestinn þótt æviskeið þeirra séu mjög mismunandi; í lýsingarorðinu er dulinn samanburður.

Þegar talað er um yngri menn og eldra fólk, án samanburðarliðar, er miðstigið notað á sama hátt og frumstig, þ.e.a.s. með dulnum samanburði. Jón er yngri maður merkir þá 'Jón er innan við miðjan aldur', þ.e. yngri en meðalmaðurinn. Þetta sést líka á því að t.d. eldri maður er yfirleitt ekki eins gamall og gamall maður. Uppruni þessarar notkunar miðstigsins er væntanlega sá að menn vilja ekki taka mjög djúpt í árinna, heldur fara vægilega í sakirnar. Ég fæ ekki séð að þessi notkun miðstigsins sé óæskileg; hér er ekki um það að ræða að miðstigið sé notað í alveg sömu merkingu og frumstig, og það útrýmir frumstiginu ekki. Það er líka langt síðan farið var að tala um betri bændur, heldri menn, að fara í betri fötin o.fl., og þykir ekki athugasemdvært.

Nokkuð annars eðlis er svo notkun miðstigs í auglýsingum, þar sem sagt er að þessi og þessi vara sé betri. Þar er miðstigið ekki notað í stað frumstigs, eins og í fyrra tilvikinu, heldur í stað efsta stigs. Þegar auglýst er: Okkar vörur eru betri, á hlustandinn víst að skilja það eins og sagt væri okkar vörur eru bestar. En af því að það gæti reynst erfitt að sanna að svo sé, er í staðinn notað miðstig, með óljósum samanburði við eitthvað annað. Þá er útilokað að hanka auglýsandann, því að hann getur alltaf skotið sér á bak við hina óákveðnu merkingu miðstigsins í þessu samhengi.

En er þessi notkun miðstigsins eitthvað verri eða óæskilegri en sú sem ég nefndi áður? Já, hún er það, því að þarna er um að ræða tilbúið mál. Það segir enginn í eðlilegu tali þessar vörur eru betri nema um samanburð er að ræða, heldur er þessi notkun algerlega bundin við auglýsingar. Það kann að vera dansk-þýskt að uppruna að tala um eldra fólk og yngri menn, en það er eðlilegt, íslenskt, daglegt mál.

Þættinum bárust nýlega nokkur ljósrituð blöð heft saman. Á fremstu síðuna hafði sendandi skrifað: "Hér eru örfá dæmi um einkennilega notkun á fleirtölu í ársskýrslu SÍF fyrir árið 1983." Dæmin eru flest um orðið verð, og hljóða tvö þau fyrstu svo: "Verð á öðrum gæðaflokki og óslægðum fiski var ákveðið í eftirfarandi hlutföllum miðað við ofangreind verð", "étborgunarverð á blautverkuðum þorski af framleiðslu 1983 voru ákveðin eftirfarandi". Samtals voru þetta fimm dæmi. Í öllum tilvikum er augljóst af samhenginu að um fleirtölu er að ræða. Auk þessa hefur sendandi merkt við fyrirsögnina "Sölur til Frakklands", og þykir greinilega óeðlilegt að nota sala í ft.

Þetta er sannarlega ekki í fyrsta skipti sem fjallað er í þessum þætti um réttmæti þess að hafa ákveðin orð í fleirtölu. Síðgilt dæmi er orðið keppni, en margir amast við því að það sé haft í fleirtölu og talað sé um margar keppnir. Í Orðabók Sigfúsar Blöndal sem nú er u.þ.b. 60 ára gömul, er orðið sagt óbeygjalegt; en í Orðabók Menningarsjóðs, sem kom fyrst út 40 árum seinna, er fleirtalan keppnir gefin athugasemdalaust. En á þessum 40 árum hefur merking orðsins líka breyst, eða réttara sagt, ný merking hefur bæst við. Báðar orðabækurnar hafa merkinguna 'kapp, kappsemi, atorka'; en Orðabók Menningarsjóðs hefur að auki merkinguna 'það að keppa, kappleikur'. Í síðasta hefti tímaritsins Íslensks máls hefur Höskuldur Þráinsson sýnt fram á að þarna er beint samband á milli; þ.e.a.s., að þessi nýja merking gerir það eðlilegt að orðið fari að beygjast í tölum. Hann bendir á að orð sem tákna eitthvað óhlutkennt, safnheiti, heiti á efnunum o.fl. er óeðlilegt að nota í fleirtölu; orð eins og kaffi, sykur, ást o.s.frv. Það er ekkert í gerð þessara orða sem kemur í veg fyrir að þau fái fleirtöluendingu, heldur er það merking þeirra sem er þess eðlis að óeðlilegt er að hafa þau í fleirtölu. En sum slík orð eru

stundum látin merkja ákveðna hluti, og þá er ekkert því til fyrirstöðu að þau fái fleirtölu eins og önnur nafnorð. Dæmi um þetta er gull, sem í fleirtölu hefur merkt 'leikföng', en nú er oft notað í merkingunni 'gullverðlaun', og er þá farið að merkja 'ákveðinn hlut úr gulli', en ekki málminn sjálfan.

Það sama hefur gerst með keppni. Ef það er notað í þeirri merkingu sem það hefur í orðabók Blöndals, 'kapp' eða þ.u.l., er ekki hægt að nota það í fleirtölu. Það segir varla nokkur það voru alltaf miklar keppnir á milli bræðranna, heldur það var alltaf mikil keppni á milli bræðranna. Hins vegar geta margir sagt Bræðurnir tóku þátt í mörgum keppnum, því að þar getur keppni merkt 'kappleikur, mót' í máli margra.

En hvað er þá að segja um orðið verð? Fyrst er að nefna að í seðlasafni Orðabókar Háskólans er nokkuð af dæmum um þetta orð í fleirtölu. Elsta dæmið er úr biskupasögum séra Jóns Halldórssonar í Hítardal, sem skrifaðar eru snemma á 18. öld. Þar segir svo um Brynjólf biskup Sveinsson: "En hvað hann falaði af öðrum og fékk, borgaði hann jafnvel tvennum verðum." Síðan eru dæmi úr stærðfræðiriti eftir Björn Gunnlaugsson frá því um miðja síðustu öld, þar sem verð merkir 'gildi' eða þ.u.l. Svo er dæmi úr Ægi frá 1908, en að öðru leyti eru ekki dæmi nema nokkur frá allra síðustu árum, svo að það lítur út fyrir að þessi notkun sé að aukast.

Þótt það sé ekki eins augljóst og með keppnina sýnist mér að hér sé líka um tvær merkingar að ræða. Annars vegar merkir verð 'verðgildi, verðlag', í setningum eins og Þorskur er í háu verði um þessar mundir og Hækkun vöruverðs hefur verið mikil. Í þessum setningum notar enginn fleirtölu, held ég. Hins vegar merkir verð 'ákveðin upphæð eða tala', og er þar komin eins konar hlutkennd merking. Þannig er það í setningum eins og komu fyrir í áður nefndri skýrslu SÍF.

Ég treysti mér ekki til að fordæma þessa fleirtölunotkun; um hana eru gömul dæmi, og hún virðist vera talsvert útbreidd. Hins vegar er ég ekki alinn upp við hana, og þar af leiðandi finnst mér hún óeðlileg. Ég fæ ekki betur séð en yfirleitt sé hægt að komast hjá henni, og hafa orðin í eintölu; enda finnst mér fara mun betur að breyta setningunni "Markaðsverð á saltfiski sem náðu hámarki í dollurum á árinu 1981 hafa farið lækkandi síðan" í "Markaðsverð á saltfiski sem náði hámarki í dollurum á árinu 1981 hefur farið lækkandi síðan".

Í síðasta þætti var rætt um réttmæti þess að nota ýmis orð í fleirtölu, og þessu tengist fyrirspurn sem þættinum barst um daginn. Hlustandi sendi úrklippu úr NT frá 24. júlí, en þar er um að ræða mynd, sem mér sýnist vera frá kántrýhátíðinni sem haldin var á Skagaströnd um þær mundir. Undir myndinni stendur: "Skálað við hesta, hali og sprundir." Bréfitari segir: "Ég er ekki sátt við orðið sprundir - er það rétt að setja það í fleirtölu? Ég hef aldrei heyrt það notað þannig.

Við þessu er það að segja að ekkert er athugavert við að hafa orðið sprund í fleirtölu. Hins vegar vill svo undarlega til með þetta orð, að þótt það merki 'konu', er það hvorugkyns; og hvorugkynsorð hafa aldrei fleirtöluendinguna -ir. Sterkbeygð hvorugkynsorð, þau sem enda á samhljóði í et., eru óbreytt, þ.e.a.s. endingarlaus, í fleirtölu: eitt spil - mörg spil, eitt lið - mörg lið, eitt lauf - mörg lauf, eitt hús - mörg hús. Í þeim orðum sem hafa a í stofni verður svonefnt u-hljóðvarp í fleirtölu og í stað a kemur ö; eitt barn - mörg börn, eitt land - mörg lönd. En aldrei kemur nein ending. Ef sprund er látið halda áfram að vera hvorugkynsorð, eins og það hefur verið, verður fleirtalan að vera óbreytt, sprund, og í myndatextanum hefði þá átt að standa: "Skálað við hesta, hali og sprund." Þetta kemur vel fram í hinni þekktu vísu Sigurðar Breiðfjörð:

Komir þú á Grænlands grund / ef gerir ferð svo langa / þér vil ég kenna að þekkjja sprund / sem þar á buxum ganga. Þarna er sögnin ganga í fleirtölu, svo að auðsætt er að átt er við fleiri en eina konu.

En þessi meðferð orðsins sprund er ekkert einsdæmi. Orð þar sem ekki er samræmi milli merkingarlegs kyns og málfræðilegs kyns eiga alltaf í vök að verjast. Mörg orð sem ríma við sprund eru líka kvenkyns, eins og grund, lund, stund, mund, þótt hvorugkynsorð af þessari gerð séu einnig til, eins og sund. Það getur enn aukið á ruglinginn að til er annað orð sem einnig merkir kona og rímar við sprund, þ.e. orðið hrund; en það er aftur á móti kvenkyns, og er í

fleirtölu hrundir. Og enn bætist það við að sprund er sjaldgæft orð, nær eingöngu notað í skáldskap eða ef menn vilja vera háfleygir. Það er því ekki skrítið að menn ruglist í þessu. Hitt er svo annað mál, að það stingur dálítið í augu ef menn eru að skreyta mál sitt með sjaldgæfum og háfleygum orðum en beygja þau svo öðruvísi en vant er. Þá er betra að halda sig við hversdagslegri orð sem menn kunna að fara með.

Sprund er ekki eina hvorugkynsorðið sem táknar konu; fljóð er líka hvorugkyns. Ég man hins vegar ekki eftir neinu dæmi um hvorugkynsorð sem táknar karlmann, þótt það geti svosem verið til samt. En það er þó ljóst að jafnréttis kynjanna er ekki alltaf gætt í málinu frekar en víða annars staðar. Flest starfsheiti eru karlkyns, nema helst þau sem eru samsett og hafa -kona sem seinni lið. Meira að segja hið hvimleiða orð starfskraftur sem mikið var notað um tíma í atvinnuauðglýsingum og átti að vera hlutlaust er karlkyns!

Og ekki má láta hjá líða að nefna orðin skáld, sem er hvorugkyns, og hetja, sem er kvenkyns. Þrátt fyrir það virðast karlmenn hafa einkarétt á því að vera skáld og hetjur - og eru það náttúrulega flestir, a.m.k. í fornum sögum. Þetta kemur greinilega fram í því að búin hafa verið til orðin skáldkona og kvenhetja. Vegna þess að hetja er kvenkyns, hefði mátt búast við að það þýddi sjálfkrafa 'kona', og ef það væri notað um karlmann, þyrfti að segja karlhetja eða þ.u.l., rétt eins og þegar söngvari er kona er sagt söngkona o.s.frv. En svo er auðvitað ekki. Og þar sem orðið skáld er hvorugkyns, mætti búast við að alveg eins þyrfti að taka fram þegar átt væri við karlmann, og hafa orð eins og skáldkarl eða karlskáld. En hvorugt er notað.

Hægt væri að tína til ýmis fleiri dæmi þar sem misrétti kynja kemur fram í málinu. Og það er ósköp eðlilegt; málið hlýtur að vera spegill þess samfélags sem notar það sem samskiptatæki, og okkar samfélag hefur verið karlveldissamfélag og er það að miklu leyti enn, þótt sitthvað hafi breyst að því leyti á seinni árum. Málið hlýtur að spegla þær breytingar fyrr eða síðar. Það er þó ástæðulaust að varpa fyrir róða umsvifalaust öllu sem minnir á þetta misrétti; endanlega er það ekki merking einstakra orðhluta sem máli skiptir, heldur merking samsetningarinnar í heild og það hugarfar sem býr að baki notkunar orðanna. Ef við látum okkur nægja að breyta orðunum, en breytum ekki hugsunarhættinum, er lítið unnið.

Af hverju breytist málið? Eru málbreytingar óhjákvæmilegar? Þetta eru spurningar sem málfræðingar hafa mikið reynt að svara, en gengið misjafnlega. Ótal kenningar hafa verið settar fram um orsakir málbreytinga, en óhætt mun að segja að engin ein þeirra komist nálægt því að skýra allar breytingar, en séu margar kenninganna hafðar í huga í einu, og samspil mismunandi þátta skoðað, má eflaust finna einhvers konar skýringar á mörgum málbreytingum, en ýmislegt verður alltaf óskýrt.

Menn greinir líka á um það hvernig málbreytingar verði; hvort einstaklingarnir breyti máli sínu frá barnæsku fram á elliár, eða hvort breytingarnar verði aðeins á milli kynslóða. Nú ber óvenju vel í veiði með athuganir á þessu hér á Íslandi, a.m.k. hvað framburð varðar. Í rannsókn þeirri á íslensku nútímamáli sem Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason standa fyrir, er leitast við að ná í sama fólk og Björn Guðfinnsson talaði við fyrir 40 árum. Það hefur komið í ljós, að þetta fólk hefur í mörgum tilvikum breytt framburði sínum, og sumir talsvert. Einkum á það við um þá sem flust hafa milli landshluta; þeir hafa oft breytt upphaflegum framburði sínum í átt til þess framburðar sem tíðkaður í hinum nýju heimkynnum. Oftast mun þarna vera um ómeðvitaðar breytingar að ræða, þótt hitt sé vissulega til að menn breyti framburði sínum vitandi vits.

Málið breytist ekki heldur jafnt og þétt, heldur verða oft meiri og hraðari á einum tíma en öðrum. Í málsögunni skiptast á tiltölulega róleg og tiltölulega óróasöm tímabil; þetta eru eins konar Kröflueldar, þar sem aðeins verður vart við smávægilegan titring meðan bergkvikan streymir að, en að lokum er þrýstingurinn orðinn svo mikill að eitthvað verður undan að láta; en að gosinu loknu lægir og sami hringurinn hefst á ný.

Stundum má halda því fram að orsakir málbreytinganna komi að innan; það séu einhverjir þættir í málinu sjálfu sem fara af stað, og draga á eftir sér langan slóða breytinga. Á öðrum tímum virðast breytingarnar koma að utan. Það eru allar líkur á að þannig sé ástandið nú. Það er

augljóst að málið flyst nú frá kynslóð til kynslóðar með allt öðrum hætti en fyrir svo sem fimmtíu árum. Þar ber margt til. Fyrst er það að nefna að börn læra nú mál sitt að talsverðu leyti af öðrum börnum, en áður lærðu þau málið mest af fullorðnu fólki; foreldrum sínum, og jafnvel öfum og ömmum. Þar munar strax einni kynslóð, og er augljóst hver áhrif það hlýtur að hafa á hraða málbreytinga.

Annað atriði er það að áður fyrr var reynsluheimur barnanna að miklu leyti sá sami og fullorðna fólksins. Þegar þjóðin bjó nær öll í sveitum voru börnin með fullorðnu fólki við allt sem það tók sér fyrir hendur. Þau lærðu því strax að tala um flesta þá hluti sem fullorðna fólkið talaði um. Nú er þetta allt öðruvísi, eins og allir vita; börnin eru í skóla, á barnaheimili, leikskóla, eða að leika sér með félögum sínum innan húss og utan; foreldrarir eru á vinnustöðum, skemmtunum o.s.frv. Börnin þurfa því að tala um ýmislegt sem foreldrarir taka lítinn sem engan þátt í, en á hinn bóginn fást foreldrarir við sitthvað sem börnin koma ekki nálægt og læra því lítið að tala um. Það er væntanlega öllum ljóst hvernig þetta hlýtur að ýta undir örari málbreytingar. Þar er auðvitað einkum um að ræða breytingar á orðaforða, en þær draga auðvitað dilk á eftir sér; ef menn vantar orð yfir það sem þeir ætla að tala um, kostar það oft vandræðalegt hik, kauðalegar umorðanir, margorðar útskýringar o.s.frv.

Í þriðja lagi er það svo að málið er að ýmsu leyti ekki eins þýðingarmikið og það var; myndin hefur komið í stað þess að nokkru leyti. Í stað þess að lesa eða hlusta á sögur skoða börnin nú myndasögur, horfa á sjónvarp eða vídeó. Þessum myndum fylgir oft erlent mál; og þótt íslenskur texti sé með, er það oft vafasamur ávinningur, því að þar er oft um að ræða slæmar þýðingar. Þetta leiðir til þess að myndin verður aðalatriði, málið í besta falli eins konar hækja með henni.

Í fjórða og síðasta lagi skal ég svo nefna erlend áhrif. Það er augljóst að þau eru þónokkur, en ég held þó að oft sé gert of mikið úr þeim. Við megum ekki gleyma því að þau mál sem oftast er talað um í þessu sambandi, danska og nú einkum enska, eru skyld íslensku; þótt sama þróun verði í þeim, þarf ekki endilega að vera um að ræða áhrif eins þeirra á annað, heldur getur verið um að ræða sams konar aðstæður í þeim öllum, sem kalli á sams konar þróun.

Ég var í síðasta þætti að tala um ýmis atriði sem yllu því að breytingar á málinu væru nú sennilega örari en oft áður. Það voru fjögur meginatriði sem ég taldi þá upp. Í fyrsta lagi að börn lærðu málið af öðrum en áður; reynsluheimur þeirra væri annar en foreldranna; málið væri þeim að sumu leyti ekki eins mikilvægt og áður; og í síðasta lagi erlend áhrif. Nú ætla ég aðeins að ræða um hvernig hægt sé að bregðast við þessu.

Það er ljóst að ekkert þeirra atriða sem ég nefndi er hægt að rekja til þess að það fólk sem nú er að alast upp sé heimskara eða latara eða hirðulausara um mál sitt en feður þess og mæður, afar og ömmur; heldur stafa þau öll af breytingum sem hafa orðið á þjóðfélaginu. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort allar þessar breytingar hafi orðið til góðs eða ekki, en sjálfsagt má sýna fram á að þær hafi flestar eða allar verið óhjákvæmilegar. Ég held að það sé ástæðulaust að hugsa sér að fyrri kynslóðir hafi verið svo miklu hirðusamari um mál sitt en við; þjóðfélagshættir voru á hinn bóginn þannig að þeir stuðluðu að varðveislu málsins án mikilla breytinga. Um ýmis þau atriði sem þar koma við sögu hefur Helgi Guðmundsson skrifað fróðlega grein, Um ytri aðstæður íslenskrar málþróunar, sem birtist í bókinni Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni, sem Stofnun Árna Magnússonar gaf út árið 1977.

Ef við ásökum Íslendinga nútímans fyrir hirðuleysi um málfar sitt, erum við því að beina spjótum okkar í vitlausa átt - við eigum að snúast gegn þeim þjóðfélagsbreytingum sem verða þess valdandi að málfarslegt uppeldi breytist. Það kann að vera hægt að snúast gegn myndablöðum, vídeói og ýmiss konar erlendum áhrifum, þótt örugglega yrði það þungur róður. En erfiðara yrði að snúa aftur til bændaþjóðfélagsins, og dettur væntanlega engum í hug í alvöru. Ég leyfi mér þess vegna að álykta sem svo að þessi leið sé nánast ófær.

En er þá engin leið til að draga úr hraða þeirra breytinga, sem óhjákvæmilega verða á málinu? Jú, auðvitað er hægt að stórauka móðurmálskennsluna í skólunum. Það ætti enginn að þurfa að

undrast að íslenskukunnáttu unglunga hraki, þegar þjóðfélagsbreytingar draga stórlega úr málfarslegu uppeldi án þess að aukin kennsla komi á móti. Á undanförunum áratugum hefur fjölgað að mun þeim námsgreinum sem kenndar eru í grunnskólum, og byrjað er fyrr á öðrum en áður var; og þetta þýðir auðvitað að móðurmálskennslan fær ekki aukinn tíma, eins og hún hefði þurft til að vega upp á móti því sem tapast utan skólans. Ef menn vilja í raun og veru hægja á málbreytingum, halda málinu u.þ.b. á því stigi sem það er á nú, þýðir ekki annað en gera móðurmálskennslunni mun hærra undir höfði en gert hefur verið á undanförunum árum, og verja til hennar stórauðnum tíma. Það er út í hött að ætlast til að nemendur meðtaki fyrirmyndarmálið jafnaðveldlega nú, þegar þeir þurfa að læra það meira og minna í skólum, og á tímum kvöldvöku, rímnakveðskapar og húslestra. En það er eins og menn berji hausnum við steininn, og átti sig ekki á þeim breyttu aðstæðum sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu. Að ætlast til að nemendur nú á tímum læri sömu íslensku og afar þeirra og ömmur töluðu án meiri kennslu er óraunhæf krafa og ósanngjörn bæði gagnvart kennurum og nemendum. Við þurfum að gera okkur þetta ljóst, og gera síðan upp við okkur hvort við erum reiðubúin til að veita íslenskukennslunni þennan aukna tíma, eða hvort við ætlum að slá af kröfum gullaldarmálsins. Þarna verður ekki bæði sleppt og haldið, og þörf á ákveðinni stefnumótun í þessum málum verður sífellt brýnni.

Góðir hlustendur. Nú er lokið því tveggja mánaða tímabili sem ég tók að mér umsjón þessa þáttar, og þetta er því síðasta skipti sem ég tala um daglegt mál, að þessu sinni a.m.k. Ég þakka þeim sem hafa hlustað á þættina, og vona að þeir hafi haft af þeim eitthvert gagn. Einnig þakka ég bréfriturum, og vona að þeir hafi fengið einhver þau svör við spurningum sínum sem þeir geti sætt sig við. Að lokum þakka ég tæknimönnum útvarpsins fyrir lipurð í samstarfi, og óska eftirmanni mínum og öllum hlustendum þáttarins alls góðs.

Verið þið sæl.